



VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Ákvörðun nr. 1/2015

Álagning dagsekta á Góa-Linda sælgætisgerð ehf. vegna vanrækslu á að fara eftir fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins

I. Málavextir

Í reglubundinni skoðun eftirlitsmanns Vinnueftirlits ríkisins til Góa-Linda sælgætisgerð ehf., kt. 410168-0229 að Garðahrauni 2, 210 Garðabæ, þann 31. janúar 2013, var fyrirtækinu veitt eftirfarandi fyrirmæli:

- Að gera skyldi skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað.
- Að tryggja skyldi að öryggisránaðarmaður og öryggisvörður sæki námskeið um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað.
- Að bolta skyldi niður stoðir í hillurekkum á vörulager og hafa árekstursvarnir á hillustöðum þar sem hættu er á að lyftari rekist utan í stoðir.
- Að setja skyldi neyðarþúnað til stöðvunar á vöruhurð til að koma í veg fyrir klemmihættu.
- Að setja skyldi neyðarsturtu og sítengt augnskol nálægt hleðslutæki lyftara og staðsetja þau þannig að starfsmenn komist hindrunarlaust að þeim.
- Að yfirfara skyldi útljós á flóttaleiðum.

Voru fyrirmælin gefin á grundvelli 21., 24. og 26. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, liðar 2.6, I. Viðauka, reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja og 1.-2. mgr. 3. gr., 6. mgr. 37. gr., 6. mgr. 38. gr. og 1. og 6. mgr. 39. gr. reglna nr. 581/1995 um húnæði vinnustaða. Í ofangreindri ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins kom fram að félagið skyldi tilkynna stofnuninni um það þegar úrbótum væri lokið.

Fyrirmælin voru ítrekuð með bréfum sem Vinnueftirlit ríkisins sendi Góa-Linda sælgætisgerð ehf., dags. 10. maí 2013, 9. september 2013, 13. janúar 2014 og 17. febrúar 2014. Þrátt fyrir þessar ítrekanir þá var ekki farið eftir þessum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

Með bréfi dags. 5. desember 2014 var athygli vakin á rétti aðila skv. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 að tjá sig um efni máls áður en ákvörðun yrði tekin í því. Kom fram í bréfinu að Vinnueftirlit ríkisins væri að íhuga að leggja dagsektir á fyrirtækið þar sem það hafði ekki

farið að ofangreindum fyrirmælum stofnunarinnar. Góa-Linda sælgætisgerð ehf. var veitt 14 daga frestur til að koma að andmælum áður en Vinnueftirlit ríkisins tæki ákvörðun um hvort leggja skyldi á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Þrátt fyrir framangreind bréf var ekki farið að fyrirmælum Vinnueftirlitsins.

II. Niðurstaða

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum er það tilgangur laganna að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Samkvæmt 75. gr. laga nr. 46/1980 er það hlutverk Vinnueftirlits ríkisins að hafa eftirlit með lögunum. Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum erum mörg almenn efnisákvæði er kveða á um hvernig vinnuumhverfi starfsmanna skuli háttað og í reglum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra eru ákvæði laganna nánar útfært.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1980 er það skylda atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Skv. 37. gr., 42. gr. og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, skal fylgja fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þar sem Góa-Linda sælgætisgerð ehf. hefur ekki farið að ofangreindum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins þrátt fyrir að fyrirmælin hafi verið ítrekuð þá hefur stofnunin tekið þá ákvörðun að leggja á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 þangað til fyrirtækið uppfyllir lagaskyldur sínar, en sú grein kveður á um það, að ef ákvæði laga nr. 46/1980 eða reglna sem settar eru með stoð í þeim eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra þá getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni.

Samkvæmt gögnum Vinnueftirlits ríkisins þá starfa 40 starfsmenn hjá Góa-Linda sælgætisgerð ehf. en fyrirtækið stundar framleiðslu á súkkulaði og sælgæti.

III. Ákvörðunarorð

„Góa-Linda sælgætisgerð ehf., kt. 410168-0229 hefur brotið gegn 21., 24. og 26. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, lið 2.6, I. Viðauka, reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja og 1.-2. mgr. 3. gr., 6. mgr. 37. gr., 6. mgr. 38. gr. og 1. og 6. mgr. 39. gr. reglna nr. 581/1995 um húnæði vinnustaða.

Af þeim sökum og með heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, leggur Vinnueftirlit ríkisins dagsektir á Góa-Linda sælgætisgerð ehf. Skal fyrirtækið greiða kr. 50.000 á dag frá og með næsta degi eftir að fyrirtækinu var tilkynnt sannanlega um þennan úrskurð og þar til fyrirtækið hefur tilkynnt um úrbætur til Vinnueftirlits ríkisins í samræmi við ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins frá 31. janúar 2013.”

